

Í Háaleitisskóla leggjum við áherslu á að vinna með grunnþætti menntunar á eftirfarandi hátt:

Læsi felst í færni nemenda í því að nota mörg táknerfi og miðla til þess að skapa merkingu og koma henni á framfæri.

Heilbrigði og velferð byggist á því að veita nemendum heilsusamlegt umhverfi, hvort sem horft er til líkamlegra, andlegra eða félagslegra þátta.

Sjálfbærni felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna ekki í lakara ástandi en við tókum við því. Menntun til sjálfbærni þarf að leggja áherslu á þekkingu og skilning á viðfangsefnum og hæfni til að leysa þau.

Sköpun styðst við að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir og vinnubrögð. Skipulag er opið, sveigjanlegt og má ná á milli námsgreina og jafnvel aldurshópa. Nemendur geta oft tekið sjálfir af skarið og haft um það að segja hvernig þeir leysa verkefni.

Lýðræði og mannréttindi leggur áherslu á að nemendur geti tjáð sig og rökstutt hugmyndir sínar frammi fyrir öðrum. Þeir þurfa að vera móttækilegir fyrir skoðunum annarra og kunna sig í samræðum/samvinnu með virkri hlustun, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Eflum jákvæðni, heiðarleika og styrkjum sjálfsmynd nemenda.

Jafnrétti er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda umburðarlyndis og jafnréttis.

Lykilhæfni

Lykilhæfni skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá grunnskóla. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Stefnt er að því að meta lykilhæfni að vori 2019 í öllum árgöngum.

Tjáning og miðlun - hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega eða á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

Skapandi og gagnrýnin hugsun - skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

Sjálfstæði og samvinna - hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Nýting miðla og upplýsinga - hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

Ábyrgð og mat á eigin námi - hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendum í 1. bekk er kennt í tveimur umsjónarhópum. Nemendur eru 17 drengir og 11 stúlka. Umsjónarkennarar eru Margrét Inga Karlsdóttir og Sigríður Bjarney Sigmundsdóttir. Sérgreinakennarar eru Silvia V. Björgvinsdóttir (sjónlistir), Margrét Inga og Sigríður Bjarney (heimilisfræði), Berglind Richardsdóttir (textílfmennt), Tone Solbakk forskóli/tónmennt og Guðmundur Steinarsson (skólaíþróttir og sund).

Námsgreinar

Íslenska

Kennarar: Margrét Inga Karlsdóttir og Sigríður Bjarney Sigmundsdóttir 8 kennslustundir á viku.

Menntagildi

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Hæfniviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteis

Lestur og bókmenntir

Að nemendur geti:

- lesið 20-55 orð á mínútu að vori
- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- unnið með eigin frásagnir og sögur til að örva þá til lestrar

- kynnst rími og hrynjanda, bókstöfum, orðum og setningum
- unnið verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- tekið sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um hvort þeir eigi í lestrarerfiðleikum og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið
-

Ritun

Að nemendur geti:

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, þekki skriftaráttina, þjálfist í fínhyreyfingum með fjölbreyttum verkefnum
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfir og geti leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda
- viti hvenær á að skrifa stóran og lítinn staf
- geti nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis

Málfræði

Að nemendur:

- geti beitt töluðu máli af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- læri m.a. að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- viti muninn á sérhljóða og samhljóða, kynnist hugtökunum samheiti og andheiti og fái að kynnast muni á eintölu og fleirtölu
- geti leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki

Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- haft lestrarhraða upp á 20-55 orð á mínútu
- kunnað stafrófið
- kunnað samhljóðana
- kunnað sérhljóðana
- lært að ríma
- kunnað að draga rétt til stafs
- látið stafi sitja á línu
- haldið jöfnu og hæfilegu bili á milli stafa og orða

- haldið jafnri hæð á stöfum
- notað tengikrók
- svarað spurningum úr stuttum texta
- kunnað að texti byrjar á stórum staf og endi á punkti
- kunnað sögugerð (upphaf, miðja, endi)
- fengið kynningu á samheitum
- fengið kynningu á andheitum

Kennsluhættir:

Þjálfuð eru frumatriði skriftar svo sem réttar líkamsstillingar, rétt grip á skriffæri, grunnform stafa/talna og frágangur. Kennd er ítölsk skrift með tengikrökum. Nemendur læra að skrifa bókstafina um leið og þeir eru lagðir inn.

Unnið er með bókstafina bæði heiti og hljóð en einnig heilar orðmyndir. Þegar nemendur hafa náð tengingu fá þeir léttlestrarbækur sem stigþyngjast. Um leið og nemendur geta lesið fá þeir lestrarbækur við hæfi og lesa heima daglega.

Lesskilningur og málfræðilegir þættir þjálfaðir með vinnubókum, samræðum, spilum, DVD og Appi, leikjum og verkefnavinnu. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig fyrir framan skólasystkini sín og segja frá eigin reynslu og upplifun. Einnig eru þeir hvattir til að tala skýrt og segja skipulega frá. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti með athygli og sýni flytjendum tillitssemi.

Námsgögn:

- Stafir og Orð, 1 – 4
- Lestrarlandið, vinnubækur 1 og 2
- Ritrún 1
- Skrift 1
- Ýmsar skriftaræfingar
- léttlestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Ljósrituð vinnuhefti
- Við lesum A, vinnubók
- Markviss Málörvun
- Málhljóðakassinn, orðaforðabingó, Lærum og leikum með hljóðin, DVD, App og spil
- Sögubókin mín

Námsmat:

Bókstafakannanir verða gerðar í ágúst, nóvember og janúar. Í október taka nemendur Leið til læsis, lesskimun. Í desember er lagt fyrir hraðlestrarpróf í lestri, og skriftarpróf, nemendur fá einkunnir í báðum fögum, annars vegar hversu mörg orð á mínútu í lestri og hins vegar einkunn í tölum fyrir skrift.

Vorpróf verða í maí og fara nemendur í hraðlestrarpróf, skriftarpróf og lesskilningspróf og fá nemendur einkunn í tölum. Lesskilningspróf gildir 60% af lokaeinkunn, minni lesskilningskannanir verða lagðar fyrir nemendur sem gilda 40% af lokaeinkun.

Stærðfræði

Kennarar: Margrét Inga Karlsdóttir og Sigríður Bjarney Sigmundsdóttir 6 kennslustundir á viku.

Menntagildi: Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag. Hún er jafnframt tæki til að hafa áhrif á hvoru tveggja.

Hæfniviðmið:**Að geta spurt og svarað með stærðfræði**

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi og notað ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir

Markmið nemenda:

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samræðum um stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemendur geti:

- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðarmerki og tengt þau við daglegt mál
- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reglustiku, talnalínu og talnagrind til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum

Markmið nemenda:

Að nemendur geti

- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn svo sem $+$ $-$ $=$
- rætt um stærðfræði
- notað talnagrind, talnalínu, vasareikni, kennslupeninga, einingakubba og tölvu

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemendur geti

- lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð

Markmið nemenda:

Að nemendur geti

- unnið með stærðfræðihugtök

Tölur og reikningur

Að nemendur geti

- notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-og frádráttardæmi
- flokkað hluti eða myndir eftir eiginleikum, lit, lengd o.s.frv.

Markmið nemanda:

Að nemendur geti

- notað náttúrulegar tölur
- notað helstu aðferðir við reikningsdæmi

- flokkað hluti eða myndir eftir eiginleikum, lit, lengd o.s.frv.
- talið frá 1 upp í 100
- skráð og skrifað tölur frá 1 upp í 100
- notað talnalínu
- þekkt aðgerðamerkin + - =
- skráð tölur og skrifað upp að 20
- dregið frá með tölum upp að 20
- sett upp „mjög“ einföld dæmi
- vitað muninn á tug og einingu
- þekkt sléttar og odda tölur
- þekkt klukkuna (heill tími)

Algebra

Að nemendur geti

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs
- skoðað og myndað talnamynstur
- teiknað mynstur

Markmið nemenda:

Að nemendur geti

- unnið með munstur og líkön
- skoðað og myndað talnamynstur
- teiknað mynstur

Rúmfræði og mælingar

Að nemendur geti

- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hlut og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu
- gert óformlega rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu

Markmið nemenda:

Að nemendur geti

- notað hugtök úr rúmfræði svo sem form og stærðir
- gert grein fyrir tví- og þrírvíðum formum

Tölfræði og líkindi

Að nemendur geti

- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið
- talið og flokkað hluti úr sínu nánasta umhverfi

Markmið nemenda:

Að nemendur geti

- safnað gögnum
- talið og flokkað hluti úr sínu nánasta umhverfi

Helstu námsgögn:

- Sproti 1a og 1b, nemendabækur og æfingabækur
- kubbar, smáhlutasafn, teningar og fleira
- rúðubók
- ýmis aukaverkefni

Kennsluhættir:

Unnið er með tölurnar frá 0 – 100. Lögð er áhersla á að tengja stærðfræðina reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu lífi. Jafnframt er leitast við að vinna hlutbundið og í gegnum leik, þannig að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar.

Námsmat:

Fylgst er með framvindu náms hvers nemanda jafnt og þétt yfir skólaárið. Eitt próf verður lagt fyrir í desember og fá nemendur einkunn í tölum. Lokapróf verður í maí sem gildir 60% á móti einkunum úr könnunarprófunum.

Náttúrufræði

Kennarar: Margrét Inga Karlsdóttir og Sigríður Bjarney Sigmundsdóttir 3 kennslustundir á viku.

Menntagildi

Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðfræði, lífvísindi og umhverfismennt. Náttúrugreinar leggja áherslu á vísindalæsi. Í því fellst að nemendur geti lesið texta um náttúrvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og mannleg fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að tala skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Að nemendur geti:

- sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Að nemendur geti;

- útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra
- gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúruunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana

Vinnubrögð og færni

Að nemendur geti:

- sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni
- notað ólíkar heimildir við öflun upplýsingar
- útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt
- hlustað á og rætt hugmyndir annarra

Ábyrgð á umhverfinu

Að nemendur geti:

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð
- tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru

Að búa á jörðinni

Að nemendur geti:

- lýst landnotkun í heimabyggð

Lífsskilyrði manna

Að nemendur geti:

- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans
- útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefnis
- bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi

Heilbrigði umhverfisins

Að nemendur geti:

- flokkað úrgang

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Að nemendur geti:

- gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir

Kennsluhættir

Nám í náttúrufræði er ætlað til að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla skilning þeirra á umhverfinu. Stefnt verður á að fara í vettvangsferðir og skoða okkar nánasta umhverfi til að efla þekkingu nemenda. Nemendum verður kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru. Áhersla verður lögð á sem fjölbreyttustu kennsluhætti og verða aðrar námsgreinar fléttaðar inn í náttúrufræðikennsluna.

Námsmat:

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu námsins á samskiptadögum.

Helstu námsgögn:

- Komdu og skoðaðu líkamann
- Myndspjaldabók um húsdýrin
- Hani, krummi, hundur, svín
- Veraldarvefurin

Samfélagsfræði (Lífsleikni / trúarbragðfræði)

Kennarar: Margrét Inga Karlsdóttir og Sigríður Bjarney Sigmundsdóttir 4 kennslustundir á viku.

Menntagildi

Undir samheiti samfélagsgreina er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnin hátt. Markmið þeirra er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Einnig að nemendur tileinki sér réttssýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Hæfniviðmið**Reynsluheimur****Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann**

Að nemendur geti:

- borið kennsl á gildi, svo sem viðröngu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga
- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa

- sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðra umgengi
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- velt fyrir sér upplýsingum gildi þeirra og áreiðanleika
- sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu
- bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum
- áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- sagt deili á nokkrum frásögum, helstu hátíðum og siðum kristni og annara trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu
- áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
- bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu
- bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins
- áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu
- áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu

Hugarheimur

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Að nemendur geti:

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna
- sett sig í spor annarra jafnaldra

Félagsheimur**Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra**

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir
- rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni
- rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum
- sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- sett sig inn í málefni nærsamfélagsins
- sýnt tillitssem og umhyggju í leik og strafi

Námsmarkmið:**Trúarbragðafræði**

Að nemendur geti:

- kynnst fimm trúarbrögðum; búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingdómi

Lífsleikni

Að nemendur geti:

- kunnað grunnþættina í PBS agakerfinu
- tileinkað sér jákvæða hegðun
- þorað að standa frammi fyrir bekk og tala og læri að hlusta þegar aðrir tala

Samfélagsfræði

Að nemendur geti:

- lært um ólíka siði og venjur í heiminum, t.d. með því að heyra frásögn nýbúaaf siðum í framandi landi
- lært hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr og að aðrar þjóðir eiga líka þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja
- skilið mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- þjálfast í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum
- þekkt árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- farið eftir munnlegum leiðbeiningum (vegvísun) t.d. við að rata um skólann og skólalóðina og notað við það hugtök eins og hægri, vinstri, upp, niður, fram og aftur
- áttað sig á að byggingar eru notaðar á ólíkan hátt, s.s. heimili, verslanir, verksmiðjur og kirkjur

Helstu námsgögn:

- Komdu og skoðaðu umhverfið
- PBS fræðsla – Lífsleikni
- Trúarbrögðin okkar
- Veraldarvefurinn

Kennsluhættir:

Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: framsögn, einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, hlutverkaleiki og fleira.

Námsmat:

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu námsins á samskiptadögum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Margrét Inga Karlsdóttir og Sigríður Bjarney Sigmundsdóttir, 1 kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

Vinnulag og vinnubrögð

Að nemendur geti:

- lært að temja sér ákveðnar umgengnisreglur við tölvur, m.a. í tölvuveri
- fengið þjálfun í fingrasetningu

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Að nemendur geti:

- lært að nota ýmis kennsluforrit
- lært að nota efni af veraldarvefnum

Tækni og búnaður

Að nemendur geti:

- lært að beita tölvumús við tölvuvinnslu
- lært að kveikja á tölvu, skrá sig inn á tölvuna og ganga rétt frá henni að lokinni notkun

Sköpun og miðlun

Að nemendur geti:

- öðlast jákvætt viðhorf til tölva og þjálfist í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri
- verið óhræddir við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni

Siðferði og öryggismál

Að nemendur geti:

- lært að temja sér ákveðnar umgengnireglur við tölvur, m.a. í tölvuveri

Námsgögn:

- tölvubúnaður
- teikniforritið Paint

- margmiðlunarefni
- ýmiskonar æfingarefni af veraldarvefnum

Kennsluhættir:

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara og fá aðstoð eftir þörfum.

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar.
- einkunn er gefin í umsögnum („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).
- upplýsingar um námsframvindu í foreldraviðtölum.

List- og verkgreinar**Menntagildi**

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta list- og verkmenningar. Þátttaka og þjálfun í gagnrýnni umræðu um handverk og listir veitir nemendum einnig aðgang að menningarorðræðu samfélagsins.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemedur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar. Þar fá þeir tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkamann í tíma og rúmi og tengja þannig milli hugmynda, verka og hluta.

List- og verkgreinar geta auðveldað nemendum við lok grunnskóla að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms.

Heimilisfræði

Kennari: Margrét Inga og Sigríður Bjarney, 2 kennslustundir á viku hálfra önn í senn .

Hæfniviðmið:

Matur og lífshættir

Að nemendur geti:

- unnið einföld verkefni í hópi
- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan
- gengið frá eftir vinnu sína

Matur og vinnubrögð

Að nemendur geti:

- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli og eldhúshöld
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi

Matur og umhverfi

Að nemendur geti:

- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni

Matur og menning

Að nemendur geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

Námsgögn:

- bækurnar :Heimilisfræði fyrir byrjendur og Gott og gaman, ásamt uppskriftum
- ýmis tæki og áhöld í heimilisfræðistofunni
- opinberar ráðleggingar Lýðheilsustöðvar/landlæknis

Kennsluhættir

Sýnikennsla, kennari er með innlögn, lýsingu og sýnir jafnvel hvernig hægt er að fara að. Verklegar æfingar, stuttir fyrirlestrar frá kennara. Fræðslumyndir, myndir og veggspjöld sýnd t.d. frá Lýðheilsustöð. Vinnubók, nemendur lesa og vinna í vinnubók skrifleg verkefni. Umræður, nemendur vinna saman í umræðuhópum og spjalla um ýmsa þætti sem koma að náminu. Nemendur koma eins mikið að verklega hlutanum og hægt er.

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar.
- umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Textílmennt

Kennari: Berglind Richardsdóttir, 2 kennslustundir á viku hálfra önn í senn.

Hæfniviðmið:**Handverk, aðferðir og tækni**

Að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur geti:

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum

Menning og umhverfi

Að nemendur geti:

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt

- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars,athafna og tilefna
- notað ný og endurunnin efni í textílvinnu

Námsgögn:

Gróf java-nál, tvinnar, strammi og ullargarn, annað garn, flísefni, óbleikjað léreftsefni, textíllitir og penslar. Ýmis áhöld tengd textíl, s.s. skæri, nálar.

Kennsluhættir:

Kennari er með innlögnum um hugmynd að verkefninu, vekur athygli nemenda á lýðræði sem felst í því að þau hafa frjálst val á sköpun verkefnisins, þó þau fylgi ákveðnum forsendum um skilning á vinnuferli. Nemendur sauma í milli grófan jafa með garni eftir eigin hugmynd. Þ.e.a.s. hvort heldur er að sauma í kassalaga hringi, fram og til baka eða U-laga munstur með þræði-spori. Þau velja síðan efni sem er jafnvel úr afgangum (endurvinna og læra um hagnýtingu og umhverfisvernd) eða teikna á miðjuna og sauma í með þræðispori. Þar sem lýðræði ríkir í því að þau fái sjálf að hanna sína eigin hugmynd sem þau síðan setja ofan á púða sem verður notaður í heimakróki í heimastofu nemandans. Með því að vinna verkefni frá efni í full unninn hlut kynnast nemendur sínum sterku/veiku hliðum og öðlast trú á eigin getu. Þá þjálfar nemendur leikni sína á þau verkfæri sem notuð eru í textílmennu s.s skæri, nálar og fl. Nemendur efla sköpunarmátt sinn með vali á litum og sjálfstæði sitt með vali á útfærslu verkefnisins.

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar.
- umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“)

Sjónlistir

Kennari: Sylvía V. Björgvinsdóttir, 1 kennslustund á viku, hálfan vetur.

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt
- unnið frá eigin listsköpun
- fjallað um eigin verk og annarra
- þekkt og gert grein fyrir völdum verkum alþjóðaleg listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins

Námsgögn:

- ýmis konar pappír og efni til myndgerðar
- ýmsar tegundir teikniáhaldar; blýantar, krítar og penslar, ýmis konar litir, málning og leir
- listaverkabækur og efni frá kennara

Kennsluhættir:

- bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum kennara
- sýnikennsla, kennari sýnir hvernig á að vinna verkefni
- sýnishorn.

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tímum er metin til einkunnar.
- Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Dans

Kennari: Elísa Sveinsdóttir, 1 kennslustund á viku yfir árið.

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- virkjað hreyfiþörf
- dansað í takt við lag
- skapað sinn eigin dans
- talið takta

Félagslegir þættir

Að nemendur geti:

- öðlast félagsfærni til að taka þátt í dansi og leikjum
- þjálfast í að bregðast rétt við fyrirmælum kennara
- lært að fara eftir reglum leikja sem í boði eru

Námsmat:

- Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Tónmennt

Kennari: Tone Solbakk, 1 kennslustund á viku.

Markmið forskólanáms er að:

-Búa nemendur sem best undir hljóðfæranám

Efnistöð og áhersluþættir:

- Sköpun
- Hlustun
- Söngur
- Hrynþjálfun
- Leikræn tjáning

- dans/hreyfing
- Hljóðfæraleikur(Orff-hljóðfæri)

Forskólanám er samþætt byrjendanám í tónfræðigreinum. Nemendur fá alhliða þjálfun í tónlist.

Heimanám: Ekkert formlegt námsmat.

Náms- og kennslugögn:

Flautað til leiks.

Tónmennt sönghefti 1, 2 og 3.

Leikum og syngjum verkefnabók og hlustun.

Forskólinn verkefnabók.

Verkefni á blöðum frá kennara.

Geisladiskar, hljóðfæri.

Skólaíþróttir

Íþróttir

Kennari: Guðmundur Steinarsson, 2 kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Að nemendur geti:

- virkjað hreyfiþörf
- þær grunnhreyfingar sem krafist er
- gert hreyfingar sem reyna á samhæfingu
- tekið þátt í leikjum og leikrænum æfingum sem efla hraða, viðbragð og kraft

Félagslegir þættir

Að nemendur geti:

- tileinkað sér þær samskiptareglur sem í gildi eru
- öðlast þá félagsfærni að taka þátt í leikjum
- tileinkað sér íþróttamannslega hegðun

Heilsa og efling þekkingar

Að nemendur geti:

- tileinkað sér hreinlæti að lokinni íþróttakennslu

Öryggis- og skipulagsreglur

Að nemendur geti:

- lært öryggis-, skipulags og umgengnisreglur íþróttahúsa

Námsgögn:

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluhættir:

- kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu
- æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrir mælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun
- dæmi um æfingar sem kennari leggur fyrir svo þau nái námsmarkmiðum eru t.d. sippa, kasta bolta, klifra í rimlum, hlaup, ganga á bekkjum, armbeygjur, kviðæfingar, eltingaleikir, boltaleikir o.s.frv.
- í samræðum við nemendur eru m.a. umgengnireglur, gildi líkamlegrar hreyfingar og íþróttamannsleg hegðun útskýrð

Námsmat:

Mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tíma er metin til einkunnar.

Umsögn gefin í lok annar („Hefur náð framúrskarandi/ágætum/góðum/sæmilegum árangri í þeim námsþáttum sem lagt er upp með“).

Í lok skólarárs fær nemandi skjal sem sýnir stöðu hans miðað við jafnaldra.

Sund

Kennari:Guðmundur Steinarsson, 1 kennslustund á viku.

Hæfniviðmið:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Að nemendur geti:

Unnið eftir 1. sundstigi

- staðið á botni í grynri hluta laugar, andað að sér og andlitið fært í kaf og andað frá sér (endurtekið 10 sinnum)
- flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja (kútar)
- gengið með andlit í kafi 2,5 m eða lengra
- gert bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja

Öryggis- og skipulagsreglur

Að nemendur geti:

- farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum

Námsgögn:

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluhættir:

- kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu
- leikir til vatnsaðlögunar, t.d. köfunarleikir, ná í hringi, eltingaleikir o.s.frv.

Námsmat:

- verklegt próf, nemendur taka 1. sundstig. Nemendur verða að ná öllum markmiðum
- lokið/ólókið